


# EYSTRAHORN

41.tbl. 41. árgangur

30.nóvember 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



# ÞJÓNUSTAN HEIM

Sveitarfélagið Hornafjörður í samstarfi við HSU hefur frá árinu 2019, samþætt heimþjónustu og heimahjúkrun undir heitinu „Þjónustan heim“. Markmið þjónustunnar er aðstoða og hæfa notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Áhersla er lögð á að efla notandann til sjálfshjálpar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Við framkvæmd og skipulagningu þjónustunnar er lögð áhersla á að sniða hana að þörfum notandans og virða sjálfsákvörðunarrétt hans.

Þjónustan heim felur í sér heimahjúkrun, félagslega heimþjónustu (félagsleg liðveisla, frekari liðveisla og heimilisþrif), dagdvöl og félagsstarf fatlaðra, dagdvöl og félagsstarf aldraðra, matarþjónustu og akstursþjónustu.

Samstarfið milli heimahjúkrunar HSU-Höfn og Velferðarsviðs er öflugt og í stanslausri þróun en 13.-15. september síðastliðinn lögðu Sigríður Helga Axelsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu og Kolbrún Rós Björgvinsdóttir, verkefnastjóri heimahjúkrunar, land undir fót og kynntu sér samstarf annarra aðila.

Við heimsóttum HSU á Selfossi, skoðuðum velferðartækni og samþætta þjónustu Reykjavíkurborgar, fengum fræðslu um Þjónandi leiðsögn hjá Hafnarfjarðarbæ ásamt því að líta í Reykjanesbæ og skoða hvernig samþætt þjónusta gengur hjá þeim.

Markmið ferðarinnar var að kynna sér nýjustu þróun í velferðartækni, skoða matstæki sem sveitarfélögin nota til að meta umsækjendur inn í þjónustuna ásamt því að fræðast um hvernig samþætting heimahjúkrunar og heimþjónustu gengi annarsstaðar.

Eins og samstarfi okkar er hátað í dag eru reglulegir fundir á tveggja vikna fresti þar sem farið er yfir nýjar umsóknir og eldri endurmetnar. Markmiðið er að efla fólk til sjálfshjálpar, styðja við eigin getu og aðstoða þar sem þörf er á, undir því yfirmarkmiði að notendur geti verið sjálfstæðir og búið heima sem lengst við sem eðlilegastar aðstæður.

Eftir að mat hefur verið lagt á umfang stuðningsþarfar umsækjanda fara umsóknir í gegnum teymi matsnefndar sem í sitja einn fulltrúi frá heimahjúkrun og þrjár fulltrúar frá stuðnings- og virkniþjónustu. Matsnefnd annaðhvort samþykkir eða hafnar umsókn og hefur samband við umsækjendur í kjölfarið og upplýsir þá um niðurstöðuna.

Eftir ferð okkar í önnur sveitarfélög sáum við að okkar samvinna gengur vel og erum við á réttri braut í að þjónusta notendur. Alltaf má þó gera betur og sjáum við spennandi tækifæri í frekari notkun á velferðartækni m.a. lyfjaskammtara, skjáheimsóknir og fjarvöktun sem felst í því að notendur mæli sig heima og hjúkrunarfræðingur fer reglulega yfir mælingar og kemur með tilmæli um breytingar ef þörf er á. Vegna stærðar sveitarfélagsins sjáum við fjölmarga kosti við að tæknivæða þjónustuna að einhverju leyti og koma þannig til móts

við fleiri notendur.

Einnig stefnum við á að taka upp sameiginlegt matstæki eins og önnur sveitarfélög hafa nú þegar gert og eru að nota með góðum árangri.



*Með bestu kveðjum Sigríður Helga Axelsdóttir forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu. Kolbrún Rós Björgvinsdóttir verkefnastjóri heimahjúkrunar HSU-Höfn.*



## ÞORVALDUR ÞUSAR

Í þessum pistli ætla ég að þusa svolítið um samgöngur í Sveitarfélaginu Hornafirði. Lengi var það þannig að sveitarfélagið gat státað af ótrúlegum fjölda af einbreiðum brúm. Í seinni tíð hefur þessum brúm farið fækkandi, þó eru nokkrar enn

eftir. Það læðist að mér sú hugsun að helsti dragbitur á framfarir í vegamállum í sveitarfélaginu hafi verið og sé jafnvel enn ákveðinn hluti íbúanna. Gæti

hugsanlega verið að í þessum málaflokki ríkti sami eða svipaður hugsunarháttur og þegar rætt er um þéttingu byggðar? Margir eru á móti þéttingu byggðar af því að það snertir þá með einum eða öðrum hætti. Sama má segja um breytingu á núverandi vegi gegnum sveitarfélagið. Þegar fram komu hugmyndir um að færa þjóðveginn í Örafunum þá kom fram andstaða ákveðinna íbúa. Sama sjónarmið kom fram þegar rætt var um nýjan vega þannig að umferðin færi ekki í gegnum Nesin. Af hverju? Jú vegna þess að þá færðist umferðin frá verslunum og gististöðum og þar með mundi þessi rekstur missa spón úr aski sínum. Sama sjónarmið tafði framkvæmdir við nýjan

## SAMGÖNGUR

vega og brú yfir Hornafjarðarfljót. Báðar þessar tillögur hefðu haft styttingu í för með sér og stuðlað að betri samgöngum t.d. hefði einbreiðu brúnum í Örafunum fækkað nokkuð við að færa veginn frá núverandi legu. Lagning nýs vegar um Hornafjarðarfljót mun hafa margþætt áhrif t.d. á skólaakstur. Ljóst er að breytingin stuðlar að því að það gæti verið vænlegur kostur að byggja á Mýrunum og stunda vinnu í þéttbýlinu. Væri það ekki góður kostur fyrir þá sem sækjast eftir flottu útsýni, ró og friði! Er það ef til vill rétt sem sagt hefur verið að fyrst hugsu maður um það sem kemur mér best. Mér er nokk sama hvað heildina varðar! Slagorð þusarans er: „Greiddar samgöngur stuðla að betra mannlífi.“

*Með vega kveðu Þorvaldur þusara*

# FJÖLNOTAHÚS FYRIR ÍPRÓTTIR OG SAMKOMUR Í ÖRÆFUM



Mynd: Íþróttahúsið á Bildudal, en þar búa um 250 manns. Sambærileg bygging myndi gagnast Öræfingum vel en íbúatala er þýsna svipuð.

Sveitarfélagið Hornafjörður er víðfemt, hér eru mörg tækifæri en uppbygging sveitarfélagsins hefur ekki verið í takt við atvinnuþróun og fjölgun íbúa í Öræfum. Í Öræfum hefur íbúafjölgun innan sveitarfélagsins hlutfallslega verið mest, árið 1998 voru hér 109 íbúar en árið 2022 vorum við 228, þá eru ótalin þau sem búa hér en hafa ekki skráð lögheimili sitt í pósnúmerið. Samhliða þessu hafa milli 15-20 hús verið byggð hér á síðustu 7 árum. Ungt fólk hefur flust aftur heim og nýir Öræfingar hafa orðið til þegar aðkomufólk hefur sest hér að. Öll þessi uppbygging og íbúafjölgun sýnir það að hér vill fólk búa.

Árið 1985 byggði þáverandi Hofshreppur nýtt félagsheimili, Hofgarð. Hann gegnir því mikilvæga hlutverki að vera leik- og grunnskóli Öræfa. Vegna þess eru takmörk á því hvaða önnur starfsemi getur farið fram á meðan skólastarfi stendur. Sem dæmi má nefna að salurinn er notaður sem matsalur og því er ekki hlaupið að því að breyta rýminu í íþróttasal fyrir börn eða fullorðna. Eins eru gluggar og

ljós í salnum sem ekki má brjóta og því er takmarkað hægt að spila boltaleiki í húsinu. Lofthæðin er of lág til að hægt sé að spila badminton með góðu móti. Og svona mætti lengi telja.

Í dag er Klifurfélag Öræfa eina starfandi íþróttafélagið í Öræfum. Sem stendur hefur félagið aðstöðu í húsnæði Björgunarsveitarinnar Kára í Káraskjólí. Þar fékk félagið leyfi til þess að byggja klifurvegg en aðstaðan er að öllu leyti tímabundin. Í klifurvegnum í Káraskjólí hafa farið fram skipulagðar æfingar fyrir börn en öll geta verið sammála um að húsið er ekki viðunandi íþróttaaðstaða, hvorki fyrir börn né fullorðna.

Í FAS hefur byggst upp öflug deild fjallamennsku á síðastliðnum 10 árum og eru nemendur í fjallamennskunáminu um þriðjungur allra nemenda í FAS. Skólinn hefur skapað sér sérstöðu í námsframboði og sækja nemendur alls staðar af landinu til okkar í faðm fjallanna undir Vatnajökli. Stærstur hluti vettvangskennslu fjallamennskunáms FAS fer fram í Öræfum þar sem að hér er besta aðgengi að klettum, skriðjökklum og snæviþöktum jökklum á öllu landinu. Oft á tíðum mæta kennarar í náminu þó ýmsum áskornum þar sem að hvergi er innanhúss aðstaða fyrir námið.

Til að mæta uppbyggingunni og fólksfjölguninni sem hefur orðið í Öræfum ætti Sveitarfélagið Hornafjörður að byggja upp fjölnotahús fyrir íþróttir og samkomur við Hofgarð en þar er nægt pláss á lóðinni sem sveitarfélagið hefur til umráða. Bygging á slíku mannvirki myndi breyta miklu fyrir íbúa á öllum aldri í Öræfum. Börnin í skólanum fengu viðeigandi aðstöðu til íþróttaiðkunnar, fullorðnir fengu íþróttaaðstöðu og þar væri hægt að hafa skipulagðar íþróttæfingar sem bætir lýðheilsu og félagslíf allra. Í húsinu væri hægt að útbúa skrifstofurými, svipað því sem er í Nýheimum, þar sem fyrirtæki og stofnanir gætu leigt pláss og þannig væri hægt að útbúa fjölbreyttan vinnustað fyrir fyrirtæki á svæðinu, þjóðgarðinn, lögregluna, náttúrustofur og fleiri. Vitað

er til þess að Vatnajökulsþjóðgarði skorti skrifstofurými sem og Lögregluembættinu en skrifstofugangurinn myndi nýttast öllum þeim sem vinna störf sem eru óháð staðsetningu. Mikill skortur er á ráðstefnurými í Öræfum en húsið gæti einnig gagnast sem ráðstefnu- og fundarsalur.

Fjölnotahús í Öræfum myndi reynast kennslunni í fjallamennskunáminu lyftistöng og myndi færa námið upp á hærra þrep. Húsið gæti gagnast sem kennslurými fyrir fyrirlestra en einnig til klifurs og fyrir línuvinnu. Þá gæti húsið mögulega nýst sem gistirými fyrir nemendur og kennara en afar erfitt er að fá gistingu á svæðinu með skömmum fyrirvara. Í húsinu væri einnig rými fyrir aðstöðu fyrir sjúkrahjálfa og nuddara sem gætu leigt sér pláss í húsinu fyrir farandþjónustu.

Umfangsmiklar rannsóknir á náttúrufari eru unnar í Öræfum enda á sér stað sérstakt samspil náttúruafila en húsnæðið myndi einnig gagnast í slíku t.d. hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og háskólum landsins.

Sveitarfélagið Hornafjörður ætti að byggja upp grunninnviði og hugsa stórt þegar litið er til framtíðar varðandi byggð í Öræfum. Svæðið er einstakt og býður upp á fjölda tækifæra og það er einkar mikilvægt að íbúar Öræfa finni fyrir því að stjórnvíslan láti sig málin varða varðandi aukin lífsgæði í Öræfum. Fordæmi eru fyrir því í öðrum sveitarfélögum að stofnaðar séu sjálfseignarstofnanir í kringum ríkisreknar stofnanir sem eru að mestu leyti í eigu sveitarfélagsins sem leigir svo út aðstöðu til ríkisins. Aukum þjónustustigið við íbúa í Öræfum og hefjum þarfagreiningu og grunnhönnun fyrir fjölnotahús fyrir íþróttir, samkomur og vinnustaði í Öræfum.

*Íris Ragnarsdóttir Pedersen,  
Höfundur er Öræfingur, kennari í FAS og  
skipar 9. sæti Kex.*



## SKARTGRIPIR.

Glæsilegt úrval af skartgripum aldrei verið meira úrval

sjón er sögu ríkari

Höfum opið á laugardögum fram að jólum frá

kl. 13:00-15:00.

Hlökkum til að sjá ykkur



Símar:

478-2535 / 898-3664

# Almennur Opnunartími Fab Lab

Þriðjudagar: 15:00 - 19:00  
Fimmtudagar: 15:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Vöruhúss  
sindriorn@hornafjordur.is / sími: 470-8475



**Lifandi vafi**  
-Líf og ljósi með lífið trúnað-

## Dagskrá vinnunnar

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hökkum til að sjá þig.

Jesús segir:  
„Ei nokkurn þyrstir þá komi hann  
til mín og drekki.  
Þá bjóta þess sem trúa á mig  
munu renna  
í lokri líandi vafis“

Hafnararkirkja | Þorlákshöfn | Hafnarhlíð 21 | 810 020 | #LifandiVafi

## Aðventustund í Bjarnaneskirkju

Sunnudagskvöldið 3. desember kl. 20:00

Samkór Hornafjarðar syngur jólaög og sálma við undirleik Guðlaugar Hestnes. Tónlistaratriði frá Tónskólanum. Hugvekju flytur Sigurjón Andrússon, bæjarstjóri.

Eftir stundina býður sóknarnefndin í kaffiveitingar í Mánagarði.

Aðgangur ókeypis og öll velkomin  
Sóknarnefnd og prestar Bjarnanessóknar

## Jólaball

HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 3. desember kl. 11:00  
verður jólaball í Hafnarkirkju.  
Dansað í kringum jólatré og kátir sveinar heimsækja okkur.  
Öll vekomin

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

Við minnum á að skrá sig á jólasamveruna fimmtudaginn 7. desember á Heppu Restaurant.

Miðaverðið er kr. 4.000- á mann (ekki er tekið við kortum)

Það þarf að skrá þátttöku fyrir 1. desember (best sem fyrst)

Höfum gaman saman og njótum samveru



## Viltu þú taka við umsjón Eystrahorns?

Eystrahorn óskar eftir nýjum umsjónaraðila frá áramótum

Áhugasamir hafi samband í síma 6628281 eða sendið póst á netfangið [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)



## HRINGRÁS ENDURVINNSLA

# Starfsfólk óskast

Hringrás óskar eftir starfsfólki á söfnunarstöð bæjarins við Sæbraut 1.

Starfið felur í sér fjölbreytt störf á söfnunarstöð.

Við hvetjum öll kyn til þess að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir  
Jakob Guðlaugsson stöðvarstjóri  
Sími: 849-1482  
netfang: jakob@hringras.is

Eða Geir S. Gíslason rekstrarstjóri  
Sími: 663-9842  
netfang: geir@hringras.is



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

# Umsóknir um styrki Atvinnu- og rannsóknarsjóðs 2024

Atvinnu- og menningarmálanefnd Hornafjarðar auglýsir eftir umsóknum í atvinnu- og rannsóknarsjóð Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Sjóðurinn veitir styrki til verkefna sem efla byggð eða atvinnu í sveitarfélaginu án þess að skekkja samkeppnisstöðu starfandi fyrirtækja á svæðinu. Sjóðnum er ætlað að veita styrki til atvinnuþróunar, nýsköpunar og rannsókna.

Þeir sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu og hafa þar fasta búsetu geta sótt um styrki til sjóðsins. Atvinnu- og menningarmálanefnd Hornafjarðar hefur umsjón með sjóðnum.

Nánari upplýsingar eru veittar í ráðhúsi, Hafnarbraut 27 Höfn eða á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir *stjórnsýsla/reglur*.

Umsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins <http://ibuagatt.hornafjordur.is>, þar er hægt að fylla út eyðublöð og hlaða inn viðhengjum með umsókn.

Umsóknarfrestur er til 11. janúar 2023.

**Árdís Erna Halldórsdóttir**  
**Atvinnu- og ferðamálafulltrúi**

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## Súkkulaðibitakökur mömmu/ömmu sem allir elska eftir Ásgerði Kristínu Gylfadóttur og Friðrik Jónas Friðriksson

Þar sem aðventan byrjar á sunnudaginn þá finnst okkur tilvalið að skella fram svo sem einni smáköku uppskrift.



### Hráefni


300gr sykur  
600gr hveiti  
250gr púðursykur  
300gr mjúkt smjörlíki  
2 egg  
1 tsk natron  
Nokkrir dropar heitt vatn  
Dökkir súkkulaðidropar frá Freyju

### Aðferð

Allt sett saman í hræivélaskál og hnoðað saman. Látið bíða í ískáp yfir nótt eða a.m.k. 6 klst. Leyfið deiginu að standa í stofuhita ca. klukkustund fyrir notkun. Takið svo um ¼ af deiginu í einu. Rúllið upp í lengju og skerið ca. 1cm bita. Rúllið milli handa, setjið kúlurnar á smjörpappír á bökunarplötu og þrýstið niður með súkkulaði dropa. Bakið á 180gr á jöfnum hita þar til kökurnar eru tilbúnar.

Njótið svo með mjólk, kakó eða kaffi bæði á aðventunni og um jólin

Við skorum svo á heiðurshjónin Baldvin Guðlaugsson og Elínu Freyju Hauksdóttur!



## ORÐALEIT

SAMHALDSSEMI  
GRÚTARHÁTTUR  
GRÚPPÍA  
FATA  
LUFSA  
DULKORNÓTTUR  
LEYNIHÓLF  
JÓLAHEFÐIR  
EINKASPÆJARI  
LITA

---

## SPURNING VIKUNNAR

*Hvað er skemmtilegasta jólahefðin?*



**Haraldur Máni Borgnýarson**  
Að opna jólapakkana



**Dagbjört Hallgrímsdóttir**  
Að vera í kósý með fjölskyldunni uppi í sófa með kerti og nammi



**Sigurbjörg Alfreðsdóttir**  
Að spila



**Emil Morávek**  
Allt í kringum jólamatinn

# Desember á Hafinu

9. desember - Murder mystery

16. desember - Sibbi & Co trúbbar

23. desember - Þorláksmessutónleikar

28. desember - Spaghettíbandið

29. desember - Ball með Ær og Kýr



# Aðventuhátíð

Efnt verður til aðventuhátíðar  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
laugardaginn 02. desember.  
Hátíðin fer fram í Nýheimum.

Hátíðardagskráin hefst kl 14:00  
og stendur til 17:00 hátíðinni  
lýkur með tendrun jólaljósa á  
bæjarjólátrénu.

**Jólamarkaður**  
kaffihús, jólaföndur, söngur, og  
jólasveinarnir láta sjá sig.

